

bréfi hans, dags. 13. f. m., sbr. bréf hans, dags. 29. júní s.l. og 4. þ. m.

Priðjudaginn 27. september 1966.

Nr. 146/1966. **Gunnar M. Guðmundsson**

gegn

Matthíasi Einarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun máls frá héraðsdómi.

Með kæru 15. júní 1966, sem Hæstarétti barst hinn 27. júlí s. á., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur í máli þessu á hendur varnaraðilja. Krefst saksóknari þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Hinn 27. desember 1964 gaf Teppi h/f út tvo víxla á hendur varnaraðilja, hvorn að fjárhæð kr. 12.015.00, annan til greiðslu 10. febrúar 1965, en hinn til greiðslu 27. febrúar 1965. Samþykkti varnaraðili víxla þessa. Teppi h/f framseldi víxlana Iðnaðarbanka Íslands h/f. Var fyrrnefndi víxillinn afsagður sökum greiðslufalls hinn 12. febrúar 1965, en hinn síðarnefndi hinn 2. marz 1965. Fyrrnefnda víxillinn leysti Teppi h/f til sín hinn 25. febrúar 1965, en hinn síðarnefnda hinn 7. apríl 1965. Eru vottorð bankans um innlausnina rituð á víxlana. Hinn 22. apríl 1966 sendi Teppi h/f hvorn tveggja víxilinn sóknaraðilja máls þessa til innheimtu á hendur varnaraðilja, sem er samþykkjandi þeirra. Hvorki ritaði Teppi h/f innheimtuframsal til sóknaraðilja á víxlana, sbr. 18. gr. laga nr. 93/1933, né almennt framsal til hans, sbr. 20. gr. sömu laga.

Því er yfir lýst af hendi sóknaraðilja, að hann hafi víxla þá, er í málinu greinir, til innheimtu fyrir Teppi h/f. Teppi h/f hefur hins vegar eigi veitt honum heimild til að höfða víxilmál á hendur varnaraðilja til innheimtu víxlanna á sjálfs sín, þ. e. sóknaraðilja, nafni. Að svo vöxnu máli þykir rétt að láta dóm héraðsdómara standa óraskaðan.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júní 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. maí s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 14. maí s.l., af Gunnari M. Guðmundssyni hæstaréttarlögmanni, Reykjavík, gegn Matthíasi Einarssyni, Víðimel 29, Reykjavík, til greiðslu tveggja víxla, samtals að fjárhæð krónur 24.030.00 (hvor að fjárhæð kr 12.015.00), útgefinna 27. desember 1964 af Teppi h/f og samþykktu af stefnda til greiðslu hér í bæ 10. febrúar 1965 og 27. febrúar s. á., en á víxlum þessum, sem voru afsagðir vegna greiðslufalls 12.2. og 2.3. 1965, er útgefandi ábekingur.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða fjárhæð víxlanna, kr. 24.030.00, með 8% ársvöxtum af kr. 12.015.00 frá 10. febrúar 1965 til 27. febrúar s. á., en af kr. 24.030.00 frá þeim degi til 1. júlí s. á. og 12% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags, kr. 344.00 í stimpil-, banka- og afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Stefnandi hefur lagt fram frumrit víxlanna með eyðuframsali til sín svo og afsagnargerð, og bera þeir það með sér, að útgefandi hefur innleyst víxlana úr banka, en ekki er ritað á víxlana neitt framsal eftir innlausnina, og þykir því verða að vísa máli þessu frá dómi, þar sem stefnanda skortir formlega heimild að víxlunum.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.